

Ed.

287. Breytingartillögur

[16. mál]

við frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá Páli Zóphóniassyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra sá, er fer með iðnaðarmál, skal skipa þriggja manna nefnd, er kallast iðnaðarmálaráð. Á árinu 1952 skal það vera ráðuneytinu til aðstoðar, eftir því sem iðnaðarmálaráðherra óskar, en að öðru leyti veita iðnaðinum í landinu allar þær tæknilegu leiðbeiningar, er það getur og óskað er eftir frá því. Til þess að hafa á hendi daglegar framkvæmdir ræður iðnaðarmálaráð iðnaðarverkfræðing, er vera skal ráðunautur þess í iðnaðarmálum og leiðbeina iðnaðarmönnum eftir getu og þörfum.

2. 2.—9. gr. frv. falli niður.